

Nd.

607. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefir haft frv. þetta til athugunar, og hefir undirritaður meiri hl. hennar orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Aftan við gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Sama skylda hvílir á þeim, er stofna vilja einkaskóla. Jafnframt tilkynningunni ber að leggja fram sannanir fyrir rétti hlutaðeigandi kennara til kennslustarfsins.

Tveir nefndarmenn (PHalld og EE) voru forfallaðir og gátu ekki verið á fundi, er málið var afgr. Hafa þeir því enga afstöðu tekið til málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1935.

Sig. Einarsson,
form.

Bjarni Bjarnason.
frsm.

Jónas Guðmundsson.